

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 5.tbl. 9. árg

Febrúar 2020

Komið þið sæl!



Febrúar er nú mættur í allri sinni dýrð. Stuttur en gegnheill mánuður sem hefst á uppbrotsdegi með áherslu á stærðfræði og endar á vetrarfríi nemenda og kennara.

Í síðustu viku komu 7. bekkingar heim úr skólabúðunum á Reykjum í Hrútafirði. Það voru glaðir og þreyttir nemendur sem stigu út úr rútunni á föstudaginn en í alla staði þroskaðri og þekkingarmeiri en áður en þeir fóru.

Í febrúarmánuði hefst undirbúningur fyrir árshátíðina okkar sem nálgast óðfluga. 9. bekkingar fara á fullt við að huga að leikverki sem toppar allt en allir bekkir með oddatölu taka þátt í hátíðinni með atriðum sem gleðja sál og efla anda. 10. bekkur heldur utan um herlegheitin og því verður ábyrgðin þeirra að gera umgjörðina sem allra glæsilegasta.

Það er margt annað sem verður á döfinni nú á þessari vorönn. Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk verður haldinn þann 4. mars, allur skólinn fer í útivist í Hlíðarfjalli 26. mars og samræmdu prófin í 9. bekk verða í byrjun mars. Það er því af nógu að taka í skólastarfinu komandi mánuði svo ekki sé minnst á hið hefðbundna starf sem alltaf er í gangi.

Framundan eru einnig tímar með áherslu á læsi og aukinn námsárangur, áhugavekjandi nám og samstöðu í eflingu HUGAR - HANDAR OG HEILBRIGÐIS. Þessi orð eru enda tákn skólans og þeirrar sýnar og stefnu sem hann stendur fyrir.

Í lok skólaársins verða síðan miklir umbrotatímar þar sem við þjöppum okkur saman og vinnum að því verkefni að endurnýja D-álmú skólans okkur öllum til mikillar gleði.

Höfum þetta ekki lengra að sinni en förum í fréttir og ábendingar fyrir febrúar.

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Skráningar í Mentor

Viljum benda forráðamönnum á að hægt er að skrá veikindi nemenda í Mentor. Gott að nýta sér það svo ekki þurfi að hringja í ritara.

Orkudrykkir og nikótínþúðar

Við viljum beina þeim tilmælum til forráðamanna að börn þeirra séu ekki með orkudrykki í skólanum. Því miður hafa nemendur verið með slíka drykki sem er afar slæmt. Drykkir þessir eru ekki leyfilegir í skólanum enda ekki leyfilegir börnum undir 18 ára aldri. Við hvetjum því forráðamenn til að sjá til þess að börnin séu ekki með orkudrykki í skólanum og bendum í leiðinni á að það er alls ekki gott fyrir börn að drekka slíka drykki.



Í framhaldi er vert að nefna að nikótínþúðar eru afar slæmir fyrir börn og unglina. Af gefnu tilefni viljum við benda forráðamönnum á að ræða við börn sín um skaðsemi slíkrar notkunar og hve alvarlegar afleiðingar hún getur haft hjá ungu fólki og börnum.

Útivistardagur í mars 2020 - Hlíðarfjall

Nú er komið í ljós að nemendur í Glerárskóla fara í útivistarferð í Hlíðarfjall fimmtudaginn 26. mars n.k. Það verður heldur betur gaman og gleðilegt og nú vonumst við bara til að veðurguðirnir verði komnir í gott skap á þeim tíma. Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.



Bílar á plani skólans - leggjum löglega og drepum á bílunum

Af gefnu tilefni viljum við benda forráðamönnum á að drepa á bílum sínum þegar þeir bíða eftir börnunum ef þau eru sótt úr skólanum. Glerárskóli er Grænfánaskóli og því þurfum við öll að hugsa um umhverfið í kringum okkur. Einnig er öllum hollt að ganga til og frá skóla. Vert er að benda á að lausagangur bifreiða er nú bannaður samkvæmt nýjum umferðarlögum.

Auk þess má benda öllum á að leggja ekki upp á gangstéttum né stæðum í horni bílplans við aðalinngang en þar eru stæði fyrir fatlaða og skólabíla auk þess sem þar eru oft mjög margir nemendur á gangi í skólalok.

9. bekkur í heimsókn í VMA

Miðvikudaginn 20. febrúar fara nemendur í 9. bekk í heimsókn í VMA. Nemendur fá stutta kynningu á námsframboði og síðan leiðsögn um skólann. Skólastarf í VMA er brotið upp þennan dag og munu kennarar og nemendur þar á bæ kynna það nám sem í boði er, ásamt kynningu nemendafélagsins á fjölbreyttu félagslífi nemenda í VMA.

Símar og önnur snjalltæki

Eins og flestir vita eru reglur um notkun síma og annarra snjalltækja í Glerárskóla. Þar stendur m.a. að **nemendum er ekki heimilt að nota snjalltæki í skólanum** en 8. - 10. bekkur hefur fengið leyfi til að nýta sér tækin í Skýjaborgum í frímínútum. Þrátt fyrir það leyfi er blátt bann við myndatökum eða myndbandsupptökum á snjallsíma/tæki innan skólans.

Við óskum nú eftir því við forráðamenn að þeir ræði við börnin sín um að fylgja þeim reglum sem skólinn hefur sett sér og hafi tæki þessi heima eða lokuð niðri í skólatösku stillt á hljóðlaust.

Vert er að benda á að ef nemandi er að nota símann (snjalltækið) í skólanum án leyfis er hann beðinn að afhenda það starfsmanni. Ef nemandi neitar því er hringt í forráðamenn og þeir beðnir að sækja tækið þar sem forráðamenn eru ábyrgðaraðilar gagnvart notkun nemenda á sínum/snjalltækjum í einkaeign.

Dagur stærðfræðinnar - uppbrotsdagur í Glerárskóla

Föstudaginn 7. febrúar n.k. verður uppbrotsdagur í Glerárskóla. Þessi dagur er tileinkaður stærðfræðinni enda er á dagatali Dagur stærðfræðinnar. Við munum brjóta upp hefðbundið skólastarf og vinna að verkefnum sem tengjast stærðfræði á óhefðbundinn hátt. Nemendur vinna ýmist í hópum, pörum eða sem einstaklingar og blandast árgangar saman. Það verður gaman að sjá og skoða hvað stærðfræði getur verið fjölbreytileg í umhverfinu okkar.



Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk verður haldin með pompi og pragt miðvikudaginn 4. mars 2020 í Kvosinni, sal Menntaskólans á Akureyri. Áður en sú keppni fer fram verður undankeppni í öllum grunnskólunum. Þegar 7. bekkingar koma heim frá Reykjum verður farið í æfingar og haldin verður keppni innan skólans þar sem í ljós kemur hverjir verða fulltrúar Glerárskóla í aðalkeppninni.

Olweus gegn einelti

Nú hafa verið lagðar fyrir kannanir Olweusar varðandi einelti. Niðurstöður eru ljósar og sýna að hallað hefur undan fæti frá því í fyrra þó skólinn sé enn undir landsmeðaltali. Niðurstöður hafa verið kynntar starfsfólki og verða birtar á heimasíðu skólans von bráðar auk þess sem niðurstöður verða kynntar nemendum. Í skólanum er starfandi eineltisráð sem styður við bak nemenda og starfsmanna og svarar þeim spurningum sem vakna.

Helstu atburðir í febrúar og mars 2020

Föstudagurinn 7. febrúar 2020	Uppbrotisdagur - Dagur stærðfræðinnar
Föstudagurinn 7. febrúar 2020	Starfamessa hjá 9.-10. bekk kl. 11:00
Mánud. 10.- föst. 14. febrúar 2020	Umbúðalaus vika í Glerárskóla
Miðvikudagurinn 26. febrúar 2020	Öskudagur/vetrarfrí nem. og kennara/Frístund lokuð
Fimmtudagurinn 27. febrúar 2020	Vetrarfrí nem. og kennara/Frístund opin frá kl. 13:00
Föstudagurinn 28. febrúar 2020	Vetrarfrí nem. og kennara/Frístund opin frá kl. 13:00
4. mars 2020	Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk
10.-12. mars 2020	Samræmd próf í 9. bekk
26. mars 2020	Útivist í Hlíðarfjalli



Fræðsla nemenda í febrúar 2020

- 4. febrúar: 6. bekkur - Hver er ég?
- 12. febrúar: 10. bekkur - Þorgrímur Þráinsson
- 13. febrúar: 9. bekkur (SV) - Grófin
- 14. febrúar: 9. bekkur (AGJ) Grófin
- 25. febrúar: 7. bekkur - Fræðsla gegn Vape notkun



Opið hús fyrir tilvonandi 1. bekkinga í Glerárskóla

Fimmtudaginn 13. febrúar n.k. verður opið hús fyrir tilvonandi 1. bekkinga í Glerárskóla.

Opna húsið verður frá kl. 9:00 - 11:00 og munu nemendur í 10. bekk taka á móti forráðamönnum og nemendum og fara í kynningarferð um skólahúsnæðið. Auk þess verður hægt að ná tali af stjórnendum skólans og/eða ritara með fyrirspurnir.

Þetta er alltaf gleðilegur dagur og við munum að sjálfsögðu öll taka vel á móti gestunum.

Foreldrakönnun Skólapúlsins

Nú í febrúar fer af stað foreldrakönnun Skólapúlsins en Glerárskóli tekur þátt í Skólapúlsinum og nýtir sem matstæki á innra starfi skólans. Við hvetjum alla til að taka þátt svo könnunin verði marktæk og hægt verði að vinna með niðurstöður. Allar nánari upplýsingar um könnunina koma í vikunni.

Vetrarfrí í Glerárskóla

Dagana 26. - 28. febrúar n.k. er vetrarfrí í Glerárskóla. Þessa daga er enginn skóli og nemendur í fríi. Miðvikudaginn 26. febrúar (öskudaginn) er Frístund lokuð en 27. og 28. febrúar opnar Frístund kl. 13:00 og er opin til kl. 16:15 fyrir þá sem eru skráðir þar. Skólastarf hefst aftur að loknu vetrarfríi mánudaginn 2. mars 2020 samkvæmt stundaskrá.

Vatnsbrúsar í boði Foreldrafélags Glerárskóla

Nú í febrúar, í tengslum við umbúðalausri viku í Glerárskóla, mun Foreldrafélag Glerárskóla afhenda öllum nemendum skólans vatnsbrúsa til eignar. Gott er að merkja brúsana um leið og þeir koma heim. Við þökkum Foreldrafélaginu fyrir glæsilega gjöf sem mun án nokkurs efa efla vatnsdrykkju og þar með heilbrigði nemenda.



Umbúðalausri vika

Vikuna 10. -14. febrúar stendur umhverfisnefndin fyrir umbúðalausri viku í Glerárskóla. Við hvetjum nemendur til að koma með allt nesti í nestisboxum og nota drykkjarbrúsana sína. Við ætlum að fylgjast með hve margir taka þátt og hve margir koma með umbúðalaust nesti. Við hvetjum því ykkur foreldra til að sjá til þess að börnin ykkar komi með umbúðalaust nesti í skólann.

Jógadýnur

Glerárskóli hefur fest kaup á glæsilegum jógadýnum í bekkjarsetti. Nú þegar hafa kennarar nýtt sér dýnurnar til slökunar og æfinga sem er frábært í amstri dagsins.



Íþróttir, íþróttaföt, sundföt og handklæði

Nokkuð hefur borið á því í vetur að nemendur hafa ekki mætt með íþróttaföt/sundföt og handklæði í skólann. Í skólastarfinu er gert ráð fyrir að allir nemendur fari í íþróttir tvisvar í viku og sund einu sinni í viku samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Það er því afar mikilvægt að nemendur komi með föt til iðkunnar íþróttar og sunds auk þess að koma með handklæði því ávallt er gert ráð fyrir að nemendur fari í sturtu að íþróttar/sundtíma loknum.

Nemandi skal hafa eftirfarandi með þegar íþróttir eða sund eru á stundaskrá:

Íþróttir:

stuttbuxur

bol

innanhússsko (5-10. bekkur)

handklæði

Sund:

sundbol/sundskýlu (ekki Bermuda stuttbuxur né efnislítill bikini)

Handklæði



Að gefnu tilefni er vert að taka fram að nemendur eiga að hafa íþróttaföt/sundföt með í sérstökum poka/tösku en ekki að vera í þeim innan undir öðrum fötum.

Einnig skal tekið fram að ef nemendur geta af einhverjum orsökum ekki farið í íþróttir eða sund, eiga þeir að koma með miða frá forráðamönnum eða forráðamenn senda tölvupóst á íþróttakennara.

**Glerárskóli, v/Höfðahlíð
603 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!

